Krásir að hætti *Samkomuhússins*

Þekking á Sniglaveislu Ólafs Jóhanns Ólafssonar er allsendis ónauðsynleg þeim sem ætla að sjá leikgerð sögunnar hjá Leikfélagi Akureyrar (eða í Iðnó síðar meir) enda leikverkið sjálfstætt listaverk eins og vera ber. Hins vegar er auðvelt að skilja hvers vegna Sigurði Hróarssyni, sem er höfundur leikgerðarinnar ásamt Ólafi Jóhanni, fannst sagan sviðsvæn því hún gerist öll á einni kvöldstund á heimili aðalpersónunnar Gils Thordersen stórkaupmanns. Ársfjórðungslega heldur hann sjálfum sér dýrindis veislu en kvöldið sem leikurinn gerist bankar ókunnur gestur upp á. Gils býður honum að njóta krásanna með sér og áhorfendur fá smátt og smátt upplýsingar sem benda til þess að eitthvað í fortíðinni tengi þessa tvo menn. Væntanlegum áhorfendum er látið eftir að komast að því hver sú tenging er enda lítið gaman að ráðgátum sem eru leystar fyrir mann.



Sviðsmynd úr Sniglaveislunni
Gestur og gestgjafi eru andstæður en hvor um sig varpar ljósi á persónueinkenni hins.

Þótt leikgerð Sniglaveislunnar byggi í grundvallaratriðum á sögunni er ýmsu hnikað til og breytt og nánast undantekningarlaust til hagsbóta. Sagan er ekki bundin í tíma en í leikritinu eru atriði sem vísa beint í samtímann (sbr. Bónus-pokann og tal um fölsuð málverk) og staðsetja verkið betur í íslensku samfélagi. Helsta breytingin felst í sögulokunum sem eru nokkuð opin til túlkunar í skáldsögunni en afdráttarlausari í leikritinu.

Leiklist

Uppfærsla á Sniglaveislunni stendur og fellur með leikaranum sem velst í aðalhlutverkið, og túlkun Gunnars Eyjólfssonar sannar að hann getur enn á sig blómum bætt. Hroki og fordómar Gils, kvensemin og frekjugangurinn, allt komst þetta jafn vel til skila í blæbrigðaríkum leik Gunnars sem einnig kom ótta hans við fortíðina og þar með sannleikann auðveldlega yfir til áhorfenda. Nálægðin við áhorfendur er mikil í Samkomuhúsinu og því njóta skemmtileg og fjölbreytt svipbrigði Gunnars sín sérlega vel.

Sigurþór Albert Heimisson er í hlutverki gestsins Arnar og gefur mótleikara sínum ekkert eftir. Luralegi og hlédrægi grunnskólakennarinn sem dáist opinmynntur að dýrgripunum á heimili Gils er alger andstæða gestgjafans en hvor um sig varpar skýrara ljósi á persónueinkenni hins. Sigurþór vann vel úr hlutverkinu eins og endranær og furðulegt að þessi prýðisleikari skuli aldrei hafa hlotið náð fyrir augum stjórnenda stofnanaleikhúsanna í höfuðborginni.

Sunna Borg og Hrefna Hallgrímsdóttir eru í litlum hlutverkum sem bjóða ekki upp á mikil tilþrif í túlkun, en persónurnar eru dregnar skýrum dráttum og Sunna sýndi skemmtilega takta sem nöldurgjarna ráðskonan.

Sigurður Sigurjónsson eflist með hverri uppsetningu. Hann undirstrikar kómískari hliðar verkanna sem hann leikstýrir en eins og Sniglaveislan sannar er það vinna hans með leikurunum sem skiptir sköpum. Sigurður hefur einvala lið sér til fulltingis við þessa uppfærslu og er öll umgjörð afar vel heppnuð. Sniglaveislan boðar engan stóra sannleik um lífið og tilgang þess en sýningin er hin ágætasta skemmtun sem jafnframt segir okkur heilmikið um misjafnt eðli mannskepnunnar.

Halldóra Friðjónsdóttir

Leikfélag Akureyrar og Leikfélag Íslands sýna í Samkomuhúsinu á Akureyri Sniglaveisluna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. **Leikgerð:** Sigurður Hróarsson og Ólafur Jóhann Ólafsson. **Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson. **Tónlist:** Hilmar Örn Hilmarsson. **Leikmynd og búningar:** Elín Edda Árnadóttir. **Leikstjórn:** Sigurður Sigurjónsson.

Myndlist

Dægurmálverk

Evrópska frásagnarmálverkið er fyrirbæri sem fræðimenn utan Frakklands (og e.t.v. Þýskalands) virðast ekki taka ýkja alvarlega. Maður leitar án árangurs að upplýsingum um það í helstu yfirlitsritum bandarískra og breskra listfræðinga um þróun nútímalistarinnar og grípur í tómt. Í bókum Sams Hunter, Roberts Hughes og annarra listfræðinga sem undirritaður fletti upp í er ekki minnst einu orði á helstu „stjörnur" þessarar hreyfingar: Adami, Monory, Télemaque, Rancillac eða Erró. Hins vegar fá jafnvel minni spámenn bresku popplistarinnar, t.a.m. Peter Blake, ævinlega einhvers konar umgetningu.

Nú má vera að þetta sé helber yfirgangur enskumælandi menningarþjóða. Meira að segja hafa virtir franskir listfræðingar á borð við Serge Guilbaut fært fyrir því rök að Bandaríkjamenn hafi í rauninni hirt af Frökkum frumkvæðið í myndlistinni með bellibrögðum; útnefnt New York til nýrrar höfuðborgar nútímalista án þess að eiga fyrir því menningarlega innistæðu.

Of dýru verði keypt?

Þessir sömu listfræðingar, t.d. Catherine Millet, hafa gert frásagnarmálverkinu ágæt skil, sýnt fram á tilurð þess í andófsmettuðum listhreyfingum eftirstríðsáranna, t.d. síðsúrrealisma og uppákomum (sjá Erró), lýst skilmerkilega nánum tengslum þess við hræringar í kaldastríðsspólitíkinni og tilraunum frásagnarmálara til að verða virkir þátttakendur – sannleiksleitendur – í þjóðfélags- og menningarumræðunni. Að þessu leyti róa þessir listamenn sannarlega á önnur mið en samtímamenn þeirra, hinir kaldhæðnu bresku og bandarísku popparar, sem létu sér dægurmálapólitík í léttu rúmi liggja.

Út af fyrir sig má alveg gangast inn á þessa umfjöllun franskra listfræðinga. En hin virka pólitík og samtímagreining frásagnarmálaranna er kannski of dýru verði keypt, því hún úreldist býsna fljótt. Popplistin hefur vinninginn að því leyti að hún fjallar um ýmis grundvallaratriði listar og ímyndariðnaðarins sem sérhver kynslóð verður að gera upp við sig.



Frásagnarmálverkið varð til í andófsmettuðum listhreyfingum eftirstríðsáranna
Ein mynda Valerio Adami á sýningunni.

Listsagnfræðilegt gildi frásagnarmálverksins er vissulega ótvírætt. Hins vegar hefur helstu talsmönnum hreyfingarinnar ekki tekist að sannfæra undirritaðan um varanlegt listrænt gildi hennar. Ekki heldur þeim sem settu saman sýninguna sem stendur yfir í Hafnarhúsinu þessa dagana.

Rýrnun í hafi

Kannski er ekki alfarið við þá sjálfa að sakast heldur húsnæðið og þá rýrnun á sýningunni sem virðist hafa átt sér stað á leiðinni frá Frakklandi og Bergen. Hið upprunalega „best of" úrval sem stofnað var til og stutt með vandaðri bók/sýningarskrá (hetjulega þýddri af Gunnari J. Árnasyni) samanstendur nú af einungis 25 málverkum, þ. á m. allmörgum vel þekktum verkum úr Erró-safninu hér.

Í úrvalið vantar flestar þær myndir sem hæst ber í sögu franska frásagnarmálverksins, en eftir standa nokkrar af leiðinlegri myndum þeirra Monory og Adami. Verkin eftir Klasen á sýningunni segja heldur ekki þeim sem þetta skrifar að hann sé markverðari listamaður en ýmsir þeir sem ekki hljóta náð fyrir augum skipuleggjenda, segjum Aillaud, Arroyo, Recalcati, Voss eða Stämpfli.

Í ljósi þessara agnúa, og fyrri gallaðra listsendinga frá Bergen, hljóta forsvarsmenn Listasafns Reykjavíkur að gera upp við sig hvort þeir ættu ekki að leita sér samstarfsaðila annars staðar í heiminum. Þó er kannski óþarfi að fara alla leið til Suður-Afríku.

Aðalsteinn Ingólfsson

Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús: Frásagnarmálverkið. Sýningin stendur til 21. mars og er opin daglega kl. 11–18 og til kl. 19 á fimmtudögum.

Raunveruleiki og hönnun

Hekla Dögg Jónsdóttir, myndlistarmaður og kennari við Listaháskóla Íslands, heldur fyrirlestur í Opna listaháskólanum Laugarnesvegi 91 í dag kl. 12.30 í stofu 024. Fyrirlesturinn ber nafnið „Raunveruleiki" og þar fjallar Hekla um verk sín og viðfangsefni..

Á miðvikudaginn kl. 12.30 verður fyrirlestur um hönnun í sal 113 í Skipholti 1. Flytjendur eru Evelynn Smith og Meriel Scott, skoskir hönnuðir sem reka fyrirtækið Precious McBane í London þar sem þær eru búsettar. Þær eru um þessar mundir gestakennarar við hönnunardeild LHÍ.

Barnabókakaffi

Börn og bækur og SÍUNG standa fyrir bókakaffi á Súfistanum Laugavegi 18 annað kvöld kl. 20.



Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi DV (á mynd), og Bryndís Loftsdóttir verslunarstjóri líta yfir barnabókaútgáfuna og íhuga framboðið, strauma og stefnur í barnabókum og svara spurningunni „Fara íslenskar barnabækur batnandi?" Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur flytur pistil og hefur frjálsar hendur.

Kaffivélin verður í gangi á milli erinda.

Fyrirlestrar um Hörð





Listaháskóli Íslands hefur fengið listfræðingana Halldór Björn Runólfsson og Aðalstein Ingólfsson til þess að flytja tvo fyrirlestra um Hörð Ágústsson, myndlistarmann og fyrrverandi skólastjóra Myndlista-og handíðaskóla Íslands. Þeir verða fluttir í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91, sal 024, fimmtudagana 8. og 15. febrúar kl. 20. Eftir fyrirlestrana verða kaffiveitingar og Hörður Ágústsson svarar fyrirspurnum ásamt fyrirlesurum.

Í fyrri fyrirlestrinum núna á fimmtudaginn fjallar Halldór Björn um myndlist Harðar en í þeim síðari, þann 15. febrúar, fjallar Aðalsteinn um grafíska hönnun hans.

Þarftu að láta rödd þína heyrast?

Námskeið í raddbeitingu fyrir alla sem vilja uppgötva fleiri hliðar á rödd sinni og auka blæbrigði hennar og úthald verður haldið í Leiklistardeild LHÍ, Sölvhólsgötu 13, og hefst í dag kl. 18. Tengsl öndunar, líkama og raddar verða könnuð með öndunaræfingum, textavinnu og spuna. Unnið verður með röddina út frá hverjum einstaklingi og hans persónulegu þörfum. Námskeiðið hentar vel þeim sem atvinnu sinnar vegna þurfa mikið að beita röddinni. Kennari er Þórey Sigþórsdóttir leikkona.

19. febrúar hefst námskeið í spuna á sama stað með það að markmiði að þátttakendur fái beina reynslu af fyrirbærinu og styrki með því sköpunargleði sína og lífsleikni. Hinn skapandi hugur er rannsakaður með spunaæfingum og leikjum, hugkyrrð og hamagangi. Þátttakendur mæta til leiks og allt getur gerst! Kennari er Harpa Arnardóttir.

Auga, skynjun, heimild

Í hádeginu á morgun heldur Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfræðingur fyrirlestur á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins. Fyrirlesturinn nefnist „Auga, skynjun og heimild" og hefst kl. 12.05 í Norræna húsinu. Allir velkomnir.

Höfundarverk Þórbergs



Á miðvikudagskvöldið hefst námskeið um höfundarverk Þórbergs Þórðarsonar og sérstöðu hans í íslenskum bókmenntum hjá Endurmenntunarstofnun HÍ. Sérstök áhersla verður lögð á nýbreytnina sem fólst í verkum Þórbergs og hvernig hann umskapaði og breytti viðteknum bókmenntaformum. Umsjónarmaður og aðalkennari er Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur en aðrir fyrirlesarar eru Ástráður Eysteinsson og Dagný Kristjánsdóttir, Pétur Gunnarsson rithöfundur og Helgi M. Sigurðsson, deildarstjóri á Árbæjarsafni.